

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur ákvað eftirfarandi á fundi sínum 7. júní 1998, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 10. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjalddöku frá febrúar 1988:

Settir verði upp 4 miðamælar á Laugavegi milli Barónsstígs og Frakkastígs, með tímagjaldið 60 krónur í samræmi við staðsetningu stæðanna á gjaldsvæði 1. Þannig verða öll bílastæði á götukaflanum gjaldskyld en án takmarkana á leyfilegum hámarksstöðutíma.

Reykjavík, 16. júlí 1998.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

31. júlí 1998

Nr. 482

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 2. júlí 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóðunum nr. 4 og 6 við Bæjarlindina. Í breytingunni felst að lóðamörkum er breytt og hluti bygginga verða 3 hæðir í stað 2. Fyrirkomulagi bílastæða er jafnframt breytt.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. apríl til 5. júní 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Kópavogi, 31. júlí 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

31. júlí 1998

Nr. 483

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 2. júlí 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Askalind 2, 4 og 6. Í tillögunni felst að í stað hesthúss og svæðis fyrir gáma er gert ráð fyrir þremur iðnaðarlóðum fyrir einnar hæðar byggingar auk kjallara.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. apríl til 5. júní 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Kópavogi, 31. júlí 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.